

Nd.
um loðdýrarækt.

805. Frumvarp til laga

[325. mál]

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörslu.

3. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni að mati Búnaðarfélags Íslands.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Leyfi til innflutnings loðdýra er háð samþykki yfirdýralæknis.

4. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi skal bundið ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

7. gr.

Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu, þ. e. vírnetsbúr og dýrheldan skála eða skála og dýrhelda girðingu. Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tvennum hurðum og þannig um búið, að ytri og innri hurð séu ekki opnar samtímis.

Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í nethúrum og í lokuðu flutningatæki.

Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

8. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljóttist af óþægindi eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Óheimilt er að valda ónæði á loðdýrabúum. Tjón eða skemmdir, sem verða af þeim sökum, varða sektum og bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkst af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

9. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörslu, og skal þá sá, er vörsluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, ef það er vanrækt.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi, vanrækslu eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka loðdýrabú.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 68/1969, um loðdýrarækt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að ósk landbúnaðarráðherra er frumvarp þetta flutt af nefnd, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Frumvarp þetta að lögum um loðdýrarækt er samið af nefnd er landbúnaðarráðherra skipaði í mars 1981 til að gera tillögur um þróun loðdýraræktar o. fl.

Í nefndinni eiga sæti: Haukur Jörundarson, skrifstofustjóri, sem er formaður, Sigurjón Jónsson Bláfeld, loðdýraráðunautur, sem er ritari, Haukur Halldórsson, bóndi, Ingi Tryggvason, formaður Framleiðsluráðs, Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir. Nefndin hefur farið yfir gildandi lög og þær reglugerðir er varða loðdýrarækt og telur brýnt að gera á þeim nokkrar breytingar, eigi loðdýrarækt að þróast sem ein af búgreinum bænda hér á landi.

Lög um loðdýrarækt nr. 68 frá 1969 voru sett þegar loðdýrarækt hafði legið niðri hér á landi um nokkurt skeið. Þau komu í stað laga nr. 32 frá 1951 en með þeim lögum var minkarækt bönnuð.

Lögin frá 1969 miðuðust mest við minkarækt en mikill áhugi var þá á því að hefja hana að nýju.

Minkarækt var síðan hafin hér 1970 á einu búi, sex bú voru stofnuð 1971 og það áttunda 1972.

Búin voru öll fremur stór eins og gert var ráð fyrir í lögnum og gekk rekstur þeirra misjafnlega svo ekki sé meira sagt.

Nú eru starfandi í landinu fimm minkabú.

Refarækt var tekin hér upp 1979 og eru nú rekin átta refabú.

Ráðunautur í loðdýrarækt var ráðinn til Búnaðarfélags Íslands 1974, en þegar lögin voru sett var enginn slíkur starfandi í landinu, og því ýmislegt falið veiðistjóra sem eðlilegt verður að telja að ráðunautur annist eða ráðunautur og veiðistjóri í sameiningu.

Að fenginni þessari reynslu af loðdýrarækt og fyrir þær aðstæður sem nú eru í landbúnaðinum hefur vaknað verulegur áhugi á loðdýrarækt meðal bænda. Ætla má að um 30 bændur hefji loðdýrarækt á þessu ári.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögnum, taka mið af þessum aðstæðum og stefna að því að aðgengilegra verði fyrir bændur að taka upp þessa búgrein án þess að í nokkru sé slegið af raunhæfum kröfum um vörslu loðdýra og eftirlit með búgreininni.

Þá kveða þær skýrar á um að Búnaðarfélag Íslands hafi umsjón með loðdýraræktinni í umboði landbúnaðarráðuneytisins, á sama hátt og er um aðrar búgreinar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til að efni 3. gr. gildandi laga falli úr lögum. Efni greinarinnar gefur til kynna að loðdýrarækt verði ekki stunduð með öðrum búskap. Reynolds bæði hér og erlendis bendir til að ekki sé síður vænlegt að stunda loðdýrarækt sem fjölskyldubúskap eða með öðrum búskap, og þykir því ástæðulaust að hafa slík ákvæði í lögum.

3. gr., sem lagt er til að verði, svarar því til 4. gr. gildandi laga. Kveðið er skýrar á um val dýra sem heimilað kann að verða að flytja inn. Búnaðarfélag Íslands skal vera hér hinn faglegi umsagnaraðili, enda kemur í þess hlut að leiða ræktun og kynbætur loðdýra sem annars búfjár.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 5. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 6. gr. Fyrsta málsgrein er óbreytt nema niðurlagið, þar sem viðkomandi heilbrigðisnefnd er einnig tilgreind sem umsagnaraðili með umsókn um stofnun loðdýrabús.

Í annarri málsgrein eru nokkrar breytingar. Þar er kveðið á um að leyfi til loðdýraræktar séu gefin út af landbúnaðarráðuneytinu að fenginni umsögn Búnaðarfélag Íslands og að loðdýrarækt megi hefja á búum þegar trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur tekið þau út. Áður var veiðistjóri einn tilnefndur í þessum tilvikum. Eðlilegt er að loðdýraráðunautur Búnaðarfélags Íslands og héraðsráðunautar, sem leiðbeina kunna í loðdýrarækt, geti jafnt verið úttektarmenn.

Þá er kveðið skýrt á um að einnig þurfi heimild til að stækka loðdýrabú og að samþykkja þurfi stækkanir eða breytingar á eldri húsum, sem tekin eru til loðdýraræktar, á sama hátt og nýbyggingar.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 7. gr. laganna og er gerð hliðstæð breyting og lýst er að framan, að Búnaðarfélag Íslands er tilgreint í stað veiðistjóra.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um kröfur til vörslu á dýrum í loðdýrabúum. Raunhæfara þykir að ræða um tvöfalda vörslu en þrefalda.

Girðingar þær, sem mælt er fyrir að skuli vera í kringum loðdýrabú, þó öflugar séu og mjög miklu til þeirra kostað, hafa ekki reynst sú vörn sem ætlað var langa tíma ársins, þegar snjóalög eru. Slíkar girðingar safna að sér óhemjumiklum snjó þegar svo ber undir, og hefur oft leitt til vandræða fyrir búin. Ógerlegt hefur reynst að hreinsa svo frá þeim snjóinn að þær veittu neina vörslu ef til kæmi að dýr slyppu úr skálum. Raunhæfara þykir því að leggja áherslu á að búr, skálar og inngangur að búunum séu þannig úr garði gerð að það veiti sem allra tryggasta vörn gegn því að dýr geti sloppið.

Hér er um tæknilega útfærslu að ræða sem kveða þarf nánar á um í reglugerð. Þar kemur m. a. til greina að viðurkenna ekki annað en dýrhelda skála á snjóþungum stöðum og einnig að hafa önnur ákvæði um refi en minka. Með þessum ákvæðum er stefnt að því að vörn geti í reynd orðið tryggari en með eldri ákvæðum.

Um 8., 9., 10., 11. og 12. gr.

Greinarnar breyta engu efnislega frá gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa.